



# FJÁRHAGSLEG SAMSKIPTI RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA

---

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga  
7. og 8. október 2021

Karl Björnsson

framkvæmdastjóri

Sambands íslenskra sveitarfélaga






# Samband íslenskra sveitarfélaga

- Sambandið er sameiginlegur málsvari sveitarfélaga skv. lögum
- Það fer með sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna eftir því sem **þau ákveða og fyrir er mælt í lögum**
- Það mótar stefnu sveitarfélaga í stórum málum gagnvart ríkinu
- Stefnumótunin fer fram á landsþingum





# Hvernig högum við fjárhagslegum samskiptum




- Dagleg samskipti við ýmsa aðila í ráðuneytum og ríkisstofnunum
- Reglulegir fundir með tilteknum ráðherrum og tilfallandi fundir með öðrum
- Fundir með þingnefndum, fundir með alþingismönnum og erindi til þeirra og ráðuneyta!!!
- Þátttaka í nefndum með ríkinu
- Umsagnir um lagafrumvörp og reglugerðardrög
- **Jónsmessunefnd er mikilvægust**




# Hvernig högum við fjárhagslegum samskiptum

- Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd
- Undirnefndir Jónsmessunefndar





# Lög um opinber fjármál (LOF)



## Samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga, 11. gr.

- Ráðherra skal tryggja formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélög um mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlunar
- Ráðherra leitar **samkomulags** við sambandið, fyrir hönd sveitarfélaga, áður en fjármálaáætlun er lögð fyrir Alþingi, þar sem m.a. er fjallað um eftirfarandi þætti:
  - Markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga til næstu fimm ára, sundurliðað eftir árum
  - Ráðstafanir til að tryggja að markmið um afkomu sveitarfélaga náist
  - Fjármögnun opinberrar þjónustu og tekjur sveitarfélaga
  - Verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga
- Sambandið hefur umsjón með upplýsingaöflun um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga og félög í þeirra eigu



# Ákvæði í LOF um fjárhagsleg áhrif

Mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa og reglugerða. 66. gr.



- Hver ráðherra skal leggja mat á **fjárhagsleg áhrif** stjórnarfrumvarpa áður en þau eru lögð fyrir ríkisstjórn og Alþingi **(Í mínum huga nær þetta til alls þjóðarbúskaparins)**
- Matið skal kynnt fjármálaráðherra sem metur efnahagslega þýðingu
- Umsögn með mati skal fylgja stjórnarfrumvarpi þegar það er lagt fram í ríkisstjórn og á Alþingi
- Sama gildir um reglugerðir gagnvart ríkisstjórn





## Lögbundin samráðsverkefni

- Kostnaðarmat skv. sveitarstjórnarlögum, 129. gr.:

*„Ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Viðkomandi ráðherrar bera ábyrgð á því að slíkt mat fari fram.“*

**Það sem vantar er að ákvarða  
hver beri ábyrgð á þessum kostnaði!**





## Varnarsigrar sveitarfélaga

- Áformum fjármálaráðuneytisins um að skerða framlög til jöfnunarsjóðs um **3,3** ma.kr. í tillögu að fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024 var hrundið
- Komið var tvívegis í veg fyrir að áformum um urðunarskatt á sveitarfélögin sem m.a. átti að skila ríkinu **1,2** ma. kr. árið 2020 og **2,5** ma.kr. á ári eftir það.
- Drög að fráveitureglugerð með viðbótarkostnaði fyrir sveitarfélög um **20-25** ma.kr. – tímabundin staða

**Sveitarstjórnarlögin og LOF-lögin  
hafa reynst góð hjálpartæki í þessari baráttu**







# Jákvæðir áfangar en takmarkaður árangur að hluta

- Ríkið tók á sig um **30** ma.kr. lífeyrisskuldbindingahalla
- Hækkun daggjalda til hjúkrunarheimila, fyrst um **1,5** ma.kr. á ári og síðar um **1,3** ma.kr.
- Ríkið tók á sig **0,8** ma.kr. á ári við breytingu á lögum um húsaleigubætur
- Hækkun um **1,5** ma.kr. á ári vegna þjónustu við fatlað fólk– **Aðeins brot af þörf!**
- Hækkun til sóknaráætlana um **0,5** ma.kr á ári
- Innleiðing farsældarlaganna **1,0** ma.kr. á ári
- Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar við gerð samkomulags á grundvelli LOF í skugga Covid skipti máli - Bein og óbein áhrif:
  - Hlutabætur
  - Tekjutengdar bætur
  - Úttekt séreignarlífeyrissparnaðar
  - Endurgreiðsla vsk
  - Bein viðbótarframlög í jöfnunarsjóð





# Stærsti ávinningur þessa LOF-samkomulags

- Aukinn skilningur aðila á fjármálum ríkis og sveitarfélaga
- Samkomulag á grundvelli LOF – skuldir hækki ekki frá árinu 2025
- Mikilvæg verkefni skilgreind sem lúta að hagsmunum sveitarfélaga

## Mikilvæg verkefni

- Endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga
- Endurskoðun reglna jöfnunarsjóðs
- Þróun kostnaðar í þjónustu við fatlað fólk
- Kostnaður við öldrunarþjónustu





## Mikilvægar nefndir um tekjur og kostnað



- Tekjustofnanefnd
  - Undirhópur um regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
  - Undirhópur um hugsanlega breikkun og styrkingu tekjustofna
- Starfshópur um endurskoðun laga um þjónustu við fatlað fólk (löggjafarhópur)
- Starfshópur um kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk og mat á kostnaðaráhrifum laga- og reglugerðarbreytinga og stjórnvaldsaðgerða
- Nefnd um kostnaðarþróun á hjúkrunarheimilum og hækkun daggjalda
- Samvinna um mat á kostnaði við farsældarlögin
- Nefnd um auknar tekjur sveitarfélaga af raforkumannvirkjum - *Biðstaða*
- Endurskoðun fjármálakafla sveitarstjórnarlaga

**Við viljum áfram sjálfstæða tekjustofna en ekki vera háð því að ríkið skammti úr hnefa í samningum á hverju ári eins og sum nágrannaríki okkar búa við!**



## Úr erindisbréfi tekjustofnanefndar

- Markmiðið er að auka fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga, m.a. með endurskoðun og styrkingu tekjustofna þeirra og markvissari stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við fjármögnun lögbundinna og venjubundinna verkefna sveitarfélaga
- Tillögum skal skila fyrir árslok 2021 með mati á áhrifum þeirra á fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga

**Sambandið hefur gert samning við Analytica um gerð og þróun fjárhagslegs sjálfbærnilíkans sem mun nýtast vel í þessu mati fyrir einstök sveitarfélög sem og allt sveitarstjórnarstigið**





# Fjárhagsáherslur sambandsins við nýkjörna þingmenn


- Efla samstarf ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál
- Tryggja sveitarfélögum nauðsynlega tekjustofna í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin með lögum
- Sveitarfélögin fá hlutdeild í tekjum hins opinbera af hagnýtingu auðlinda, s.s. vegna flutnings og framleiðslu raforku, ferðapjónustu og fiskeldis
- Mótaðar verði tillögur um sanngjarna skattlagningu raforkumannvirkja
- Tekjur af gistináttaskatti verði færðar til sveitarfélaga





# Fjárhagsáherslur sambandsins við nýkjörna þingmenn

- Vinna þarf markvisst á grundvelli væntanlegra tillagna nefnda sem hafa það hlutverk að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga og regluverk jöfnunarsjóðs með það að markmiði að breikka og styrkja tekjustofna sveitarfélaga
- Taka þarf upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um viðbótarfjármögnun frá ríkinu vegna þjónustu við fatlað fólk
- Jöfnunarsjóður fái sérstök viðbótarframlög frá ríkinu til að styðja fjárhagslega við sameiningar sveitarfélaga








# Fjárhagsáherslur sambandsins við nýkjörna þingmenn

- Öll mannvirki verði metin til fasteignamats og undanþágur frá álagningu fasteignaskatts verði felldar niður
- Tekin verði upp mánaðarleg álagning fasteignaskatts
- Bæta þarf skattskil og að sveitarfélög hafi greiðan aðgang að álagningarskrám og staðgreiðsluskilum til að tryggja betur eftirlit og auðvelda áætlanagerð
- Styrkja þarf rekstur hjúkrunarheimila með hækkun daggjalda
- Taka upp viðræður um aukna fjármögnun NPA af hálfu ríkisins
- Aukið fjármagn frá ríkinu til innleiðingar samræmdra reglna um móttöku flóttamanna
- Aukinn stuðningur ríkisins við fráveituframkvæmdir





# „Kaupmáttur“ ráðstöfunartekna sveitarfélaga

## Allir vilja eiga hlut !

Með nokkuð stöðugum  
hagvexti og raunhækkun  
launa hækka tekjur  
sveitarfélaga umfram  
verðlagsþróun

„Kaupmáttur“ tekna  
sveitarfélaga eykst að sama  
skapi

Þessari verðmætaaukningu  
tekna er svo varið í aukið  
magn þjónustu og aukin  
gæði

Ríki og Alþingi vilja eiga hlut  
í ráðstöfuninni með því að  
setja fram auknar kröfur um  
þjónustu gagnvart  
sveitarfélögunum

Íbúar og félagasamtök vilja  
einnig eiga hlut í þessum  
auknu verðmætum

Sveitarfélögin sjálf vilja  
bæta þjónustuna að eigin  
frumkvæði og forsendum

Samanlagðar kröfur eru  
alltaf meiri en jafnvel  
síauknar tekjur geta með  
góðu móti staðið undir

Þá er staðan svona:

- Auka enn frekar tekjur sveitarfélaga með aukinni skattheimtu eða hækkun þjónustugjalda
- Forgangsráða og draga úr útgjaldavexti
- Leita eftir fjármögnun frá ríkinu – VIÐVARANDI VERKEFNI



# Áskoranir og verkefni sem eru framundan

- **Breikka og styrkja tekjustofna sveitarfélaga**
- *Tryggja nýtt fjármagn til:*
  - ✓ Farsældarlaganna
  - ✓ Útgjaldapróunar í þjónustu við fatlað fólk
  - ✓ Þjónustu við börn með fjölþættan vanda
  - ✓ Innleiðingar nýrrar menntastefnu
  - ✓ Aukinna krafna í fráveitureglugerð
  - ✓ Aukinna krafna í meðhöndlun úrgangs
  - ✓ Hækkunar daggjalda hjúkrunarheimila
  - ✓ Aðgerðaáætlunar um heilsueflingu aldraðra
  - ✓ Móttöku flóttafólks og aðlögunar innflytjenda
  - ✓ Leikskóla frá 12 mánaða aldri





**Takk fyrir**